

# Grunnskólinn Hellu

VERKLÝSING

Kafli 7 Frágangur utanhúss

ARKÍS arkitektar ehf.

Dags. frumútg. 26.01.2022

Útgáfu nr. 1

Dags. í gildi: 26.01.2022

**Efnisyfirlit**

<b>7 FRÁGANGUR UTANHÚSS</b> .....	<b>3</b>
<b>7.0 Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>7.1 Trésmíði</b> .....	<b>5</b>
7.1.0 Almenn	5
7.1.1 Útveggjaklæðning - báruál	5
7.1.2 Álpanelklæðning límd á undirkerfi	6
7.1.3 Einangrun útveggja við útbyggða glugga	7
7.1.4 Útbygging í kringum glugga	7
7.1.5 Timburrammi í kringum út- og innsog	8
7.1.6 Áfella við gluggakerfi og nýja hluta	8
7.1.7 Áfella við sökkul og gluggakerfi	8
<b>7.2 Járn- og blikksmíði</b> .....	<b>8</b>
7.2.0 Almenn	8
7.2.1 Handrið / girðing á lóð	9
<b>7.3 Þakfrágangur</b> .....	<b>10</b>
7.3.0 Almenn	10
7.3.1 Úthagatorf og Bolladúkkerfi	10
7.3.2 Þakpappi og einangrun - Aðalþak	11
7.3.3 Þakbrunnar og laufgrindur	13
7.3.4 Yfirfallsrör	13
7.3.5 Niðurföll	13
7.3.6 Malarfarg á þak	13
7.3.7 Vinkill við Hellur/möl	14
7.3.8 Þakpappi og einangrun - Tengibygging	14
7.3.9 Utanálíggjandi þakrennur	15
7.3.10 Þakkantur á tengibyggingu	15
7.3.11 Þakkantur A	16
7.3.12 Þakkantur B	16
<b>7.4 Frágangur steyptra útveggja</b> .....	<b>16</b>
7.4.0 Almenn	16
7.4.1 Sílanböðun forsteypra samlokueininga	17
<b>7.5 Gluggar, gler og útihurðir</b> .....	<b>17</b>
7.5.0 Almenn	17
7.5.1 ÚG-AA	19
7.5.2 ÚG-Ab	19
7.5.3 ÚG-BA	20
7.5.4 ÚG-BB	20
7.5.5 ÚG-BC	20
7.5.6 ÚG-CA	20
7.5.7 ÚG-DA	20
7.5.8 ÚGV-01	21
7.5.9 ÚGV-01	21
7.5.10 ÚGV-03	21
7.5.11 ÚGV-04	21

## 7 FRÁGANGUR UTANHÚSS

### 7.0 INNGANGUR

Kafla 7 má ekki skilja sem tæmandi lýsingu fyrir utanhússfrágang. Ýmsa verkþætti, sem lýst er í öðrum köflum verður að framkvæma og taka tillit til við utanhússfrágang.

Festingar og stál utanhúss, almennt skal miða við lágmarkskröfur samkvæmt gildandi byggingareglugerð þ.e allt stál utanhúss skal ryðverja miðað við aðstæður, þar með talið allt efni til festinga. Lágmarksþykktir tæringarvarna séu samkvæmt tæringarflokk 4 í grein 8.4.2 í byggingareglugerð.

Sjá einnig kafla hjá verkfræðingum varðandi gæðakröfur til festinga.

Álagskröfur á klæðningu, gluggakerfi og allar festingar og undirbygging skal vera í samræmi við forskrift verkfræðinga.

Útreikningar fyrir þversnið og festingar skulu lagðir fyrir til samþykktar hjá umsjónarmanni verkkaupa.

Timbur skal vera flokkað og valið þannig að það hæfi notkun. Timbrið skal vera án galla sem rýrt geta styrk eða endingu efnisins. Allt tré sem notað er skal vera sterkt og beinvaxið, ósprungið og án lausra kvista. Ekki mega vera margir stórir kvistir í sama þversniði, né heldur mega sjást merki um rot, sveppi eða skordýr. Vankantar mega ekki vera í meira mæli en svo að samsetningar, festingar o.fl. sé hægt að útfæra á réttan hátt. Krossviður skal vera rakapolinn WBP (weather and boil proof) Timbur til nota utanhúss sé í rakaflokki 12, þ.e a.s. 9,0-14%. Timbur á byggingarstað skal geyma undir yfirbreiðslum þannig að það lofti vel undir það. Þar sem timbur kemur að steypu skal leggja tjörupappa á milli.

Verkið skal unnið í samræmi við verkeikningar allra hlutaðeigandi hönnuða og gilda teikningar í stærri mælikvarða umfram teikningar í minni mælikvarða nema annað sé tekið fram. Verði verktaki var við misræmi í teikningum þá skal hann tilkynna það eftirlitsmanni strax. Verktaki athugi aðstæður á staðnum og athugi öll mál á staðnum eftir því sem við á. Allt efni, vinna og frágangur skal vera fyrsta flokks í samræmi við góð fagleg vinnubrögð og öll fagvinna unnin af faglærðum mönnum og undir stjórn meistara viðeigandi iðngreinar. Öll umgengni á vinnustað skal vera góð og valda sem minnstum óþægindum fyrir aðra starfsemi verkkaupa. Verktaki ber ábyrgð á öllum eignum á vinnustað og skemmdum sem þau kunna að verða fyrir eða þau valda á eignum verkkaupa. Verktaki skal fjarlægja alla efnisafganga jafnóðum og fara eftir fyrir mælum eftirlitsmanns verkkaupa varðandi það og umgengni á vinnusvæðinu. Vanti upp á verklýsingar skal nota viðurkennd efni og vinnuaðferðir, sem verkkaupi samþykkir.

Klæðningar veggja, þakaklæðninga og glugga- og hurðakerfa skulu uppfylla ákvæði íslenskrar byggingareglugerðar, íslenskra álagsstaðla (Evrópustaðlar) og tilheyrandi þjóðarskjala. Verktaki skal útbúa nauðsynlegar smíða- og málateikningar og aðrar þær teikningar er hann telur þurfa til uppsetningar kerfanna umfram teikningar útboðsgagna, þ.m.t. fyrir festingar. Verktaki ber ábyrgð á heildstæðum lausnum sínum og skal fá þær samþykktar af hlutaðeigandi byggingaryfirvöldum og vottunaraðilum á sinn kostnað ef vottunar yrði krafist. Verkkaupi getur krafist að verktaki leggi fram útreikninga á kerfunum til skoðunar.

Verktaki skal gera ráð fyrir því allt efni, vinna tæki og tól séu innifalin í tilboði sínu. Þar á meðtalið eru allir vinnupallar, kranar, vinnulyftur, stigar verkfæri o.þ.h. þ.e.a.s. allt efni, leiga og öll vinna við uppsetningu og rekstur þessara hluta á verk tímanum og einnig niðurtekt þeirra í verklok er innifalin í einingarverðum viðkomandi tilboðsliða, þ.e. þessir liðir eru ekki magnteknir sérstaklega. Verkið skal unnið í samræmi við verkeikningar og

verklýsingar allra hlutaðeigandi hönnuða og gilda teikningar í stærri mælikvarða umfram teikningar í minni mælikvarða nema annað sé tekið fram. Verði verktaki var við misræmi í teikningum eða að taka þurfi sérstakt tillit til aðstæðna umfram það sem teikningar segja til um, skal hann tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa það þegar í stað til nánari ákvörðunar. Verktaki má engar breytingar gera á verkinu nema með samþykki eftirlitsmanni verkkaupa. Verktaki athugi aðstæður á staðnum og athugi öll mál á staðnum eftir því sem við á. Allt efni, vinna og frágangur skal vera fyrsta flokks í samræmi við góð fagleg vinnubrögð/vinnu hefðir, reglur og staðla. Öll fagvinna skal unnin af faglærðum mönnum og undir stjórn meistara viðeigandi iðngreinar. Verktaki ber ábyrgð á öllu efni á verkstað og skal hann tryggja að byggingarhlutar/einingar svo sem útihurðar, gluggar, vegg-, þak- og loftaklæðningar og annar búnaður séu varðir á verktíma fyrir skemmdum.

Vakin er sérstök athygli á því að verkkaupi hyggst fá Svansvottun á viðbygginguna.

Verkefnið snýst um Svansvottun á viðbyggingu við Grunnskólann á Hellu. Ávinningur fyrir verkkaupa og notendur byggingarinnar vegna tiltekins vistvottunarkerfis eru eftirfarandi:

- Gæði byggingarinnar eru aukin
- Dregið er úr neikvæðum umhverfisáhrifum
- Byggingin verður heilnæmari og öruggari
- Dregið er úr rekstrarkostnaði

Viðmið Svansins ná frá því að bygging húss hefst þar til húsið er afhent notanda. Allar framkvæmdir eftir afhendingu falla ekki undir vottunina. Við byggingu á Grunnskólanum á Hellu er farið eftir viðmiðum Svansins 3.13 sem gildir frá 9. Mars 2020 – 31. Desember 2022. Viðmiðahandbókina má finna á síðu Umhverfisstofnunar: [svanurinn.is/voruflokkar/byggingar](http://svanurinn.is/voruflokkar/byggingar). Sjá nánari skýringar í 0. kafla.

Gæði og frávik/nákvæmni útveggja, útveggjaklæðninga, þaka, þakklæðninga og glugga, osfv.

### Undirkerfi og klæðningar útveggja

- Frávik frá lóðlínu, hæð veggja  $h \leq 1,6\text{m}$  max 3 mm
- Frávik frá lóðlínu, hæð veggja  $h \leq 3,0\text{m}$  max 5 mm
- Frávik frá lóðlínu, hæð veggja  $h \geq 3,0\text{m}$  max 8 mm
- Dældir og hæðir á 2 m réttsskeið 2 mm
- Frávik frá uppgefnum hæðarkóta 5 mm

### Gluggar, útihurðir

- Frávik frá lóðlínu, lóðrétt og lárétt  $h \leq 1,6\text{m}$  max 2mm
- Frávik frá lóðlínu, lóðrétt og lárétt  $h \leq 3,0\text{m}$  max 3mm
- Frávik frá lóðlínu, lóðrétt og lárétt  $h \geq 12,0\text{m}$  max 5 mm

### Múriloðgn flata:

- Frávik frá uppgefnum hæðarkóta 3 mm
- Dældir og hæðir á 2 m réttsskeið 3 mm

Gæði og frávik/nákvæmni burðarvirkis ss. gólfa, innveggja, útveggja, þaks, lofta, o.s.f er lýst nánar í kafla 2, Burðarvirki.

Nánar er kveðið á um gæði og frávik/nákvæmni samkvæmt verklýsingu viðkomandi verkþáttar. Gæðum byggingarhluta/íhluta sem hönnuðir hafa haft til hliðsjónar við hönnun verkefnisins er lýst í kafla 10 Leiðbeinandi tegundaskrá arkitekta. Miða skal við að endanleg gæði byggingarhluta/íhluta séu jafngóð eða betri en lýst er í kafla 10

Öll umgengni á vinnustað skal vera góð og valda sem minnstum óþægindum fyrir aðra starfsemi verkkaupa. Verktaki ber ábyrgð á öllum eignum á vinnustað og skemmdum sem þau kunna að verða fyrir eða þau valda á eignum verkkaupa. Vertaki skal fjarlægja alla efnisafganga og úrgang sem fellur til við niðurrif og uppbyggingu jafnóðum og skal það vera innifalið í öllum verkliðum, þ.e. ekki er greitt sérstaklega fyrir að fjarlægja efnisafganga og úrgang sem fellur til við niðurrif. Þá skal verktaki fara eftir fyrir mælum eftirlitsmanns verkkaupa varðandi það og umgengni á vinnusvæðinu.

Að verki loknu skal verktaki þrifa á fullnægjandi hátt eftir sig og ber hann ábyrgð á að allt umfram efni sem frá honum kemur berist til endurvinnslu eða á samþykktan urðunarstað á kostnað hans, þ.e.a.s. ekki er greitt sérstaklega fyrir þrif eða förgun, verktaki skal gera ráð fyrir því að þessi kostnaður sé innifalinn í einingaverðum í tilboði.

Um magntölur og einingaverð gildir eftirfarandi almennt fyrir kafla 7, nema annað sé tekið fram í viðkomandi verklið.

Magntölur og einingarverð

Magn er nettó eining, mæld af teikningum arkitekta, ekki er mælt upp eftir uppmælingarreglum fagfélaga. Öll op eru dregin frá, kantar í opum eru ekki mældir sérstakleg, verktaki skal því gera ráð fyrir því í einingaverðum í tilboði sínu. Einingaverð skal innihalda alla vinnu og allt efni sem nauðsynlegt er til þess að fullgera viðkomandi verkþátt, þ.m.t. öll nauðsynleg efni, vinnupallar, vélar og verkfæri, þrátt fyrir að þeirra sé ekki sérstaklega Ekki er tekið tillit til afskurðar né rýrnunar í magntölum.

## 7.1 TRÉSMÍÐI

### 7.1.0 ALMENNT

Sjá einnig kafla 7 Almennt og 10 Leiðbeinandi tegundaskrá arkitekta.

Álagskröfur á klæðningu, gluggakerfi og allar festingar og undirbygging skal vera í samræmi við forskrift verkfræðinga.

Útreikningar fyrir þversnið og festingar skulu lagðir fyrir til samþykktar hjá umsjónarmanni verkkaupa.

### 7.1.1 ÚTVEGGJAKLÆÐNING - BÁRUÁL

Sjá einnig almenna kafla

Sjá teikningar (99)3.01 (99)3.21-22, (41)4.01, (21)5.01, (31)5.01

Útveggjasklæðning, rafbrynjuð ál-báruklæðning 0,7mm og álundirkerfi. Klæðning sé fest á ál-undirkerfi með álhnoðum. Klæðning er klædd lóðrétt á útveggi, stærð 18/76.

Litur er koparlituð rafbrynjuð álklæðningu sjá teikningu (99)3.21-22

Verk þetta tekur til smíði, samsetningar, uppsetningar, festingar og frágangs á ál-báruklæðningu ásamt undirkerfi (burðarkerfi) útveggi. Áfellur vatnsbretti og allur frágangur í kringum glugga, vegg, hurðir, horn, kanta og músavörn skal vera innifalið í einingaverði klæðningar. Asfaltborði límdur neðan undir láréttar áfellur.

Allt efni og uppsetning skal vera skv. samþykktum teikningum, sérteikningum og skv. fyrir mælum framleiðanda og verkkaupa.

Undirkerfi:

Undirkerfi fyrir áklæðningu skal vera frá sama framleiðanda og áklæðning eða undirkerfi sem hann samþykkir. Það skal byggt upp af burðarvinklum úr áli sem festir eru á steypa vegg með heithúðuðum múrboltum, setja skal millilegg úr 2mm tjörupappa milli burðarvinkla og steypu nema að framleiðandi mæli til um annað. Festa skal lóðrétt T eða L áleiðara á burðarvinkla. Leiðara skal afrétta.

Plötur skal hnoða á undirkerfi, hnoð séu samlit klæðningu og samkvæmt fyrirskrift framleiðanda klæðingar. Fylgja skal leiðbeiningum framleiðanda við uppsetningu.

*Magntölur og einingaverð:*

*Magn er mælt nettó m<sup>2</sup> af teikningu, öll op gluggar og hurðar eru dregin frá ekki er mælt inn að köntum opa, glugga, hurða, eða á samskeytum klæðninga, það magn skal vera innifalið í einingaverði. Innfalið í einingaverði er samsett, uppsett og frágengin báruklæðning ásamt burðarprófilum, öllum festingum, styrkingum, úrtökum og fullnaðarfrágangi eins og við glugga hurðar öll horn og kantar sem og brúnir og allt efni og vinna sem til verksins heyrir.*

### 7.1.2 ÁLPANELKLÆÐNING LÍMD Á UNDIRKERFI

Sjá teikningar (31)5.01 (99)3.31-22

Verktaki skal fá samþykki eftirlitsmanns fyrir þeirri álpanelklæðningu sem hann hyggst nota áður en hann festir kaup á henni.

Verk þetta tekur til smíði, samsetningar og uppsetningar á formaðri 4mm. kjarnafylltri álpanelklæðningu ásamt undirkerfi (burðarkerfi) í kringum útbyggða gluuga. Áfellur vatnsbretti og allur frágangur í kringum glugga, vegg, hurðir, horn og kanta þar með talið.

Klæðningin skal vera úr álsamlökuplötum sem samanstendur af tveimur lögum af 0,5mm álplötum með kjarna á milli. Heildar þykkt á samlökuplötum skal vera 4.0mm. Efni kjarnans skal vera í flokki 1 sem uppfyllir skilyrði ÍST EN 13501-1, B-s1,d0. Álsamlökuplötunarnar skulu vera litaðar í verksmiðju með PVDF 70% Kynar 500 húð. Plötunarnar skulu vera með þriggja laga húð, þykkt 37±6µ, ysta húð skal vera glær. Bakhlið platananna skal vera með hlífðarlakki.

Áklæðning skal vera í sama lit og báruklæðning.

Samlökuplötur sem ætlaðar eru í panela skulu forunnar, fræstar og boraðar, í verksmiðju framleiðanda en settar saman í viðurkenndri blikksmiðju. Þær skulu koma með öllum festingum, styrkingum, hnoðum, lími og öðru því sem að þarf til að setja þá saman og festa upp. Plötunarnar skulu vera með hljóðvörn á bakhlið, nema að framleiðandi mæli með öðru.

Undirkerfi:

Undirkerfi fyrir formaða álpanelklæðningu skal vera frá sama framleiðanda og álpanelar. Það skal byggt upp af u-laga burðarvinklum úr áli sem festir eru á undirkerfi úr álskúffum með festingum sem framleiðandi mælir með. Setja skal lóðrétt leiðara á burðarkerfi og festa upphengikerfi sem því fylgir. Leiðara skal afrétta. Upphengjur skulu hafa millilegg á milli burðarprófíla og hengjanna sjálfra sem koma í veg fyrir víbring frá klæðningu.

Allt efni og uppsetning skal vera skv. samþykktum teikningum, sérteikningum og skv. fyrir mælum framleiðanda og verkkaupa. Panelar skulu vera í heilum lengdum, nema

annað sé tekið fram. Nota skal undir- og upphengikerfi sem framleiðandi álpanela mælir með.

Plötur skal líma á undirkerfi, lím sé samkvæmt fyrirskrift framleiðanda klæðingar. Á samskeytum platna skal setja undirlegg úr áli með sama lit og klæðingin er, fylgja skal leiðbeininingum framleiðanda við uppsetningu.

Vakin er athygli á því að klæðningarkerfi framleiðanda skal mynda heilstæða lausn.

Klæðningu skal klæða heila upp og yfir útbrún að ofan inn að vegg og límast í undirkerfi.

Á framhlið samlokuplatna skal vera sterk hlífðarfilma sem þekur allt yfirborð álplötunnar á meðan á verkinu stendur. Hlífðarfilman skal tekin af þegar verki er lokið.

Álpanelklæðning skal vera heil, órispuð og engar sýnilegar skemmdir í yfirborði að verki loknu, séu rispur eða skemmdir í álklæðningu skal verktaki laga það á sinn kostnað.

*Magntölur og einingaverð:*

*Magn er mælt nettó m<sup>2</sup> af teikningu, Innfalið í einingaverði er samsett, uppsett og frágengin áklæðning ásamt burðarprófilum, öllum festingum, styrkingum, úrtökum og fullnaðarfrágangi eins og við öll horn og kantar sem og brúnir og allt efni og öll vinna sem til verksins heyrir. Öll op eru dregin frá ekki er mælt inn að köntum opa, eða á samskeytum klæðninga, það magn skal vera innfalið í einingaverði.*

### 7.1.3 EINANGRUN ÚTVEGGJA VIÐ ÚTBYGGÐA GLUGGA

Sjá teikningar (31)5.01

Í bil við veðurkápu forsteypra eininga og útbyggðra gluggu skal fylla með tveimur lögum af EPX einangrun samkvæmt teikningum akritekta, fylla skal í bil þannig að hvergi myndist óþarfa rifur.

*Magntölur og einingarverð*

*Magn er nettó m<sup>2</sup> af uppsettri einangrun. Einingarverð skal innifela allt efni og alla vinnu við að fullgera þennan verklið eins og fram kemur í lýsingu þessa liðar, þ.m.t. undirbúningur, þrif og hreinsun.*

### 7.1.4 ÚTBYGGING Í KRINGUM GLUGGA

Sjá teikningar (31)5.01

Útbygging í kringum útbyggðra glugga er byggð upp af stálskúffum sem boltast á steypa burðarveggi, utan á stálskúffur skal klæða með 15mm sementsbundnum plötum, plötur skulu halla frá miðjum glugga og út til endana. Ofan á cembritplötur og upp á aðliggjandi vegg skal líma (bræða) 1 lag af vatnsheldum asfaltþappa, ganga skal frá þappa með klemmilista og kítu á steyptan vegg. Undirkerfi úr álskúffum skal setja ofan á þappa og festa í stálskúffur.

Stálskúffur og festingar skulu vera í samræmi við forskrift verkfræðinga

Után á álskúffur kemur svo áklæðning og undirkerfi.

Álklæðning og undirkerfi er lýst og verðlögð í kafla 7.1.2

Verk þetta tekur til smíði, samsetningar, uppsetningar, festingar og frágangs útbyggingu ásamt undirkerfi (burðarkerfi), allur frágangur í kringum horn og kanta skal vera innfalið í einingaverði klæðningar.

*Magntölur og einingarverð:*

*Magntölur eru stk, af uppsettum og fullfrágengnum útbyggingum að aðliggjandi byggingarhlutum með öllum festingum, búnað og þéttingum.*

### 7.1.5 TIMBURRAMMI Í KRINGUM ÚT- OG INNSOG

Sjá teikningar (27)5.01

Á þaki skal smíða vegg í kringum göt í steypa plötu sem eru fyrir loftræstistokka, timburgrind skal vera 45x95mm fest saman með BMF vinklum 90, eða sambærilegt, á hverja stoð upp og niðri. Niðri skal festa vinkil í gegnum fótstykki með múrboltum 12x120mm. Negla skal hvern vinkil með kamsaum, fjöldi á kamsaum skal vera samkvæmt forskrift burðarþolshönnuðar. Utan og innan á timburgrind skal festa sementsbundnar plötur 12mm, plötur skal líma (epoxy) og skrúfa á grind. Í grind skal setja steinullareinangrun þéttull, 95mm á þykkt. Vegg skal klæða með þakdúk sömu tegundar og er á þaki.

Þakdúk er lýst og verðlagður í kafla 7.3.2

*Magntölur og einingarverð:*

*Magntölur eru stk, af uppsettum og fullfrágengnum veggjum að aðliggjandi byggingarhlutum með öllum festingum, búnað og þéttingum.*

### 7.1.6 ÁFELLA VIÐ GLUGGAKERFI OG NÝJA HLUTA

Sjá teikningar (99)4.01

Frágangur við nýja hluta og gluggakerfis.

Útbúa skal og festa ál áfelli 2,0mm samkvæmt teikningum arkitekta, áfella festist F-lista sem festa skal annarsvegar í gluggakerfi og hinsvegar í steyptan útvegg.

Áfelliur skulu verað samlit gluggakerfi.

*Magntölur og einingarverð:*

*Magn er mælt í nettó lm mælt af teikningu. Innifalið í verði er allt efni og vinna til að fullgera þennan verklið.*

### 7.1.7 ÁFELLA VIÐ SÖKKUL OG GLUGGAKERFI

Sjá teikningar (99)4.01

Frágangur við sökkla og gluggakerfis.

Útbúa skal og festa ál áfelli 2,0mm samkvæmt teikningum arkitekta, áfella festist í gluggakerfi og gengur yfir einangrun sökkla og 20-25cm niðurfyrir jarðveg.

Áfelliur skulu verað samlit gluggakerfi.

*Magntölur og einingarverð:*

*Magn er mælt í nettó lm mælt af teikningu. Innifalið í verði er allt efni og vinna til að fullgera þennan verklið.*

## 7.2 JÁRN- OG BLIKKSMÍÐI

### 7.2.0 ALMENNT

Sjá einnig kafla 7 Almennt og 10 Leiðbeinandi tegundaskrá arkitekta.

Verkið skal unnið samkvæmt teikningum eftir því sem við á og skal verktaki kynna sér þær áður en verk hefst og skilja að fullu. Verði verktaki var við misræmi milli teikninga og verklýsinga, misræmi í teikningum innbyrðis eða að taka þurfi sérstakleg tillit til aðstæðna umfram það sem teikningar segja til um, skal hann tilkynna eftirlistmanni verkkaupa það þegar í stað til nánari ákvörðunar. Verktaki má engar breytingar gera á



verkinu nema með samþykki eftirlismanni verkkaupa. Verktaki skal leggja inn til samþykktar smíðateikningar af stálstígum og stálhandriðum áður smíði hefst.

Járn- og blikksmíði utanhúss skal vinna samkvæmt meðfylgjandi verklýsingum og góðum og faglegum vinnubrögðum og uppfylla staðla, lög og reglugerðir. Almenna reglan er að allt járn utanhúss skal heitgalvanhúða og skal þá styðjast við eftirfarandi flokkun.

Tæringarflokkur 4

Aðstæður: Utanhúss þar sem raki og sjávarselta eru allmikil.

Tæringarvörn: Heitsinkhúðun. Sinkþykkt a.m.k. 115  $\mu\text{m}$  þar sem ekki er unnt að ná 115  $\mu\text{m}$  sinkþykkt skal mála ofan á sinkhúðina. Málningarþykkt sé a.m.k. 100-150  $\mu\text{m}$  og heildarþykkt tæringarvarna um 200  $\mu\text{m}$ .

### JÁRNSMÍÐI

Stál og stálfestingar skulu vera samkvæmt íslenskum staðli ÍST DS 412:1983. Stál skal vera í gæðaflokki 8,8 nema annað sé tekið fram.

Nota má önnur efni og hluti en fram kemur í verklýsingum séu þau sambærileg og eftirlitsmaður verkkaupa samþykkir þau. Vanti uppá verklýsingar skal nota viðurkennd efni og tæki sem eftirlitsmaður verkkaupa samþykkir og skila góðri og faglegri vinnu og ætíð skal þess gætt að verk standist staðla, lög og reglugerðir.

Efni og festingar sem á að mála/galvanhúða, skal slípa áður en málun/galvanhúðun hefst, svo að engar skarpar brúnir séu, og engin suðusamskeyti sjáist.

Að allri málmsmíði sem unnin er á verkstæði skal eftirlitsmaður verkkaupa hafa fullan aðgang til eftirlits hvenær sem hann telur nauðsynlegt. Rafsuður skulu unnar af mönnum með fullgild réttindi til slíkrar vinnu og skal verktaki leggja fram vottorð þar að lútandi fari eftirlitsmaður fram á það.

Allt yfirborð stálvirkis skal vandlega sandblásið samkvæmt flokki Sa 2,5 í samræmi við Þýskan staðal DIN 55928, þar sem allt ryð og skel skal vandlega fjarlæggt. Við sandblástur skal nota þveginn og þurran kvartssand, kornastærð 0,5 - 1,2 mm, eða stálsand 50%, 0,75 mm, 25% 0,50 mm og 25% 0,30 mm.

Stálvirki úti skal heitgalvanhúða með þykkt eins og fram kemur hér á eftir, nema annað sé tekið fram á teikningum og skal galvanhúðun fara fram eftir að allri smíði, borun og beygingu stálhlutanna er lokið.

Galvanhúðun og þykktarmæling á húðun skal vera eftir ISO 1459, 1460 og 1461. Þykkt á heitgalvanhúðun skal vera 115  $\mu\text{m}$  að lágmarki og skal verkkaupa gefinn kostur á að sannreyna að þeirri kröfu sé fullnægt.

#### 7.2.1 HANDRIÐ / GIRÐING Á LÓÐ

Sjá einnig almennan kafla

Sjá teikningar (99)3.01 (31)4.01

Handrið / girðing á lóð – SH-01A og SH-01B

Verktaki skal útvega og setja upp girðingu ásamt hliði á lóð samkvæmt teikningum arkitekta. Girðing skal vera af vandaðri gerð frá viðurkenndum framleiðanda. Við alla vinnu skal farið eftir leiðbeiningum framleiðanda um allan undirbúning og framkvæmd.

Verktaki skal fá samþykki eftirlitsmanns fyrir þeim grindverkum sem hann hyggst nota áður en hann festir kaup á þeim. Handrið og girðin skal útfæra nánar á staðnum í samráði við arkitekt.

*Magntölur og einingarverð:*

*Magn heild af uppsettri girðingu. Einingarverð skal innifela allt efni og alla vinnu við að fullgera þennan verklíð eins og fram kemur í lýsingu þessa liðar, þ.m.t. undirbúningur, þrif og hreinsun*

### 7.3 ÞAKFRÁGANGUR

#### 7.3.0 ALMENNT

Sjá einnig kafla 7 Almennt og 10 Leiðbeinandi tegundaskrá arkitekta.

Þessi kafli fjallar um frágang þaka eftir að uppsteypu er lokið og til fullnaðarfrágangs mannvirkisins og klæðningu timburþaka.

Verktaki skal sjá um frágang rakavarnarlags, þakpappa, frágang við niður og yfirföll, einangrun þaka og allan frágang og fylgihluti samkvæmt teikningum og sérlýsingu hér á eftir. Yfirfallsrör skulu vera í þakköntum. Magn er mælt nettó innan þakkanta og skal verktaki bæta við magni eins og skörun sem og pappa sem fer upp á aðliggjandi þakkanta/veggi og skal það vera innifalið í einingaveriði

Fylgja skal leiðbeiningum framleiðanda einangrunar við meðhöndlun og niðurlögn á einangrun og leiðbeiningum framleiðanda þakpappa við meðhöndlun, frágang og niðurlögn þakpappa og rakavarnarlags.

Ábyrgð: Framleiðandi þakpappans og verktaki skulu gefa 10 ára ábyrgð á dúknum og meistaraábyrgð á vinnu.

Álagskröfur á klæðningum, þakklæðningu og allar festingar og undirbygging skal vera í samræmi við forskrift verkfræðinga.

Verktaki skal gera ráð fyrir því í tilboði sínu að allir vinnupallar, kranar, vinnulyftur, stigar o.þ.h., þ.e. allt efni, leiga og öll vinna við uppsetningu og rekstur þessara hluta á verktímanum og niðurtekt þeirra í verklok, sé innifalin í einingarverðum viðkomandi tilboðsliða, þ.e. þessir liðir eru ekki magnteknir sérstaklega.

Að verki loknu skal verktaki þrifa á fullnægjandi hátt eftir sig og ber hann ábyrgð á að allt umfram efni sem frá honum kemur berist til endurvinnslu eða á samþykktan urðunarstað á kostnað hans.

#### 7.3.1 ÚTHAGATORF OG BOLLADÚKKERFI

Sjá einnig almennan kafla

Sjá teikningar (27)5.01

Ofan á þök skal setja úthagatorf ásamt bolladúkkerfi.

Ofan á einangrun skal leggja filtdúk, ofan á filtdúkinn skal leggja þar til gert undirkerfi (eggjabakka) úr plasti 25mm á hæð og að lokum skal setja filtdúk ofan á undirkerfið. Í beinu framhaldi kemur ofan á hann 8 cm nákvæmlega jafnþykkt vaxtarlag sem er samsett af áburðarsnauðum moldarblönduðum sandi undir þökur (Mýrarmold blönduð með vikursandi 50/50). Vatnshalli skal vera lágmark 1/100 (1 cm á m) að niðurföllum og má ekki muna meiru en +/- 8 mm á yfirborði flatar mælt á 4 m réttsskeið. Ofan á vaxtarlagið koma 40mm þykkt úthagatorf.

Nota skal úthagatorf. Torfið skal skorið 40mm þykkt

Úthagapökur eru skornar af sjálfgrónu vallendi og innihalda íslensk grös og blómplöntur. Megin tegundasamsetning eru íslensku grastegundirnar Ilmreyr, Túnvingull og Blávingull, Hálíngresi og Týtulíngresi. Einnig ýmiss íslenskur blómgróður svo sem Blóðberg, Möðrur Murur, eftir hvar grasið er tekið.

Undirvinna:

Undirvinna skal vera nákvæm, moldarlagið skal pakkast. Yfirborðið skal jafnað og sléttað í hönnunarhæð.

Kröfur um útlögn:

Torfið skal lagt niður á endanlegan stað innan þriggja daga eftir að það hefur verið skorið. Torfið skal lagt hálf í hálf, með smá millibili og jaðrar skulu á engan hátt skarast. Eftir þökulögn skal sandað yfir torfið og í glufur milli þaka, lámörk 10mm þekja, og jafnað út t.d. með strákúst. Eftir söndun og fullfrágengna útlögn skal torfið vökvað þannig að það gegnblotni.

*Magntölur og einingaverð:*

*Magn er mælt í nettó m<sup>2</sup> mælt af teikningu Innifalið í verði er allt efni og vinna til að fullgera þennan verklið, þar með talið úthagatorf, bolladúkkerfi, síudúkur, vaxtarlag frágangur við ofanljós, reykræsingar, kanta, túður og öll gegnumtök í þaki.*

### 7.3.2 ÞAKPAPPI OG EINANGRUN - AÐALÞAK

Sjá einnig almennan kafla

Sjá teikningar (99)3.11 (27)5.01

Verktaki skal sjá um einangrun þaks og þakpappalögn, þar meðtalið er frágangur á rakavarnarlagi, þakniðurföllum og yfirföllum og frágangur við loftræsti stokka. Einangrun sé rakapólin frauðplast einangrun (XPS) lögð ofan á þaki.

Þakpappi sé vottaðaður sem EPD (ENVIRONMENTAL PRODUCT DECLARATION) samkvæmt ISO 14025, ISO 21930 eða EN 15804.

Verktaki skal tryggja að þakflötur sé hreinn, þurr sléttur og laus við öll óhreinindi áður en vinna hefst. Á þak skal bræða 3 lög af þakpappa, 1 lag skal brætt á steypa þakplötu og 2 lög ofan á þakeinangrun.

Grunna skal steypa þakplötu og aðliggjandi kanta/veggi með asfaltgrunn sem framleiðandi þakpappa mælir með. Frágangur við niðurföll sem og yfirföll við loftræsti stokka sé samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Á steyptan þakflöt og upp á aðliggjandi og yfir þakkanta skal líma (bræða) 1 lag af vatnsheldum SBS bitumen þakpappa. Þakeinangrun skal vera rakapólið frauðplast einangrun (XPS) min 300 k Pa. Plötur skulu vera með nót og tappa allan hringinn. Og leggjast í tveimur til þremur lögum sem skarast hálf í hálf, neðra lagið. Heildarþykkt 250mm. Einangrun sé með rifflum á botni fyrir rennsli á vatni.

